



38. Miðstjórnarfundur RSÍ, úrdráttur

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt

2. Niðurstaða viðhorfsfunda kynnt.

Umsjónaraðilar viðhorfsfunda kynntu niðurstöður. **Ímynd RSÍ** er jákvæð, en nýliðar óska eftir meiri upplýsingum um sambandið þegar þeir hefja störf. Þá kom fram að félagsmönnum eru ekki ljósar verkaskiptingar milli RSÍ og einstakra aðildarféлага og telja jafnvel aðildarfélögin óþörf. **Þjónusta við félagsmenn** sem sótt er á skrifstofu RSÍ þykir mjög góð en framsetning og upplýsingar á vefnum þykja ekki nægjanlega aðeggnilegar.

Orlofsmál, almenn ánægja með orlofshús RSÍ og félagsmenn telja þau ekki tímaskökkju því það sé orlofshvetjandi að hafa aðgang að slíku kerfi. Nokkrar umræður urðu um umgengni og hvernig megi bæta úr því. Margir virðast ekki gera sér grein fyrir að leiga þyrfti að hækka um ca 100% ef ráðið yrði fólk til að hafa eftirlit eftir hverja útleigu. Margir ekki með á hreinu hvernig punktakerfið virkar.

Fræðslumál. Almenn ánægja með fræðslumál sambandsins þrátt fyrir þau áföll sem gengið hafa yfir skólakerfið.

Styrktarsjóður. Félagsmenn virðast ekki nægilega upplýstir um réttindi sín í styrktarsjóði þó höfðu flestir nýtt sjóðinn og eru mjög ánægðir með þá tryggingu sem hann veitir..

Kynningarmál. Félagsmenn eru ekki meðvitaðir um réttindi sín, þeir vita að þeir hafa réttindi en ekki hver, fyrr en eitthvað bjátar á. Félagsmönnum fannst félagsgjald ekkert of hátt þegar tekið er tillit til þaksins og þá þjónustu sem fyrir það fæst. Umræður urðu um hvernig koma eigi upplýsingum á framfæri til þeirra sem ekki hafa aðgang að heimasíðu.

Kjaramál. Það kom fram að misræmi væri á milli taxta SART og RSÍ og það væri notað til að halda launum niðri. Upplýsa þarf betur forsendur fyrir taxtakerfi sem RSÍ setur fram. Menn voru tiltölulega sáttir en alltaf mætti betur gera.

Þjóðfélagsumræðan. Félagsmenn telja að RSÍ eigi að taka virkan þátt í þjóðfélagsumræðunni og taka sterkt á hlutum. Mönnum fannst of lítið hafa sést til pistla formanns undanfarið

3. Niðurstaða sveinsprófa. Þar kom fram að fall er enn verulegt eða 42% rafeindavirkja og 31% rafvirkja falla í einu eða fleiri fögum.

4. Reglur um gesti á þing RSÍ. Ákveðið að móta tillögur fram að næsta miðstj. fundi

5. Almenna taxtakerfið. Beiðni frá SART um að hætt verði birtingu á útreiknuðu taxtakerfi á heimasíðu RSÍ hafnað. Launataflan er í fullu samræmi við fyrri samþykktir og tengd

upplýsingum frá kjararannsókn.

6. Lífiðn 2002. Friðjón Sigurðsson kynnti afkomu sjóðsins fyrir 2002, ávöxtun og séreignarleiðir.

7. Logó 15 þings RSÍ Tillaga að 'Logo' fyrir 15 þing RSÍ kynnt, samþykkt en útfæra betur.

8. Golfklúbburinn Dalbúi Stjórn GD óskar eftir framl. samnings um sumarkort fyrir orlofshús RSÍ á svæði GD, samþykkt.

9. Ályktanir um skatta og stríðsrekstur Ályktanir samþykktar samhljóða

10. Aðalfundur Virðingar, stjórn Vísað til framkvæmdarstjórnar.

11. Kárahnjúkar, erlendur verktaki, trúnaðarmenn Kynnt staðan hjá samráðsnefnd vegna virkjanaframkvæmda við Kárahnjúka.

12. Ráðstefnur og fundir. Farið yfir ráðstefnur og fundi sem boðað hefur verið til erlendis.

13. Önnur mál. RSÍ vann mál um takmörkun um vinnu hjá samkeppnisaðila. Dómurinn staðfesti að ekki væri hægt að binda slík réttindi í ráðningarsamningum.
Haukur Ágústsson